

## GJALDSKRÁ

### skipulags- og byggingarmála í Fjarðabyggð.

#### 1. gr.

##### *Byggingarleyfisgjöld.*

#### 1.1 *Byggingarleyfi og gjald vegna tilkynningarskyldra bygginga.*

Byggingarleyfisgjaldi vegna nýbyggingar stærri en 15 m<sup>2</sup> er skipt í fast gjald og gjald fyrir hvern rúmmetra byggingar.

Innifalið í gjaldinu er lögboðin meðferð byggingarleyfisskyldra erinda, lóðarblað, yfirferð teikninga, útsetning lóðar og byggingarreits húss, öryggis- og lokaúttekt (eitt skipti á hvora) og eftirlit byggingarfulltrúa skv. byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Rúmmetragjald fyrir byggingar stærri en 15 m <sup>2</sup>	189 kr./m <sup>3</sup>
Byggingar 15-60 m <sup>2</sup>	97.256 kr.
Byggingar stærri en 60 m <sup>2</sup>	170.195 kr.
Viðbyggingar – sólstofur, bilgeymslur, garðhús 15-25 m <sup>2</sup>	21.883 kr.
Viðbyggingar – sólstofur, bilgeymslur, garðhús 25-60 m <sup>2</sup>	34.039 kr.
Viðbyggingar stærri en 60 m <sup>2</sup> , sama leyfisgjald og fyrir húsið sem byggt er við	170.198 kr.
Sumarbústaðir og gripahús 15-60 m <sup>2</sup>	41.333 kr.
Sumarbústaðir og gripahús stærri en 60 m <sup>2</sup>	82.671 kr.
Yfirferð teikninga og umsýsla (undanþegin leyfisgjaldi í lið 1.1)	12.157 kr./klst.
Vinna byggingarfulltrúa (t.d. ef vinna fer fram úr innheimtu leyfisgjaldi)	12.157 kr./klst.
Gjöld vegna aðkeyptar yfirferðar séruppráttu	samkvæmt reikningi
Meiri háttar framkvæmdir undanþegnar hefðbundinni gjaldtöku	40.263 kr.
Niðurrif mannvirkja	20.065 kr.
Endurnýjun byggingarleyfis	12.157 kr.
Breyting á skráningu byggingar	24.314 kr.
Lágmarksgjald vegna móttöku byggingarleyfisumsóknar	12.157 kr.

Greiða skal byggingarleyfisgjald fyrir hverja byggingarleyfisumsókn sem tekin er til umfjöllunar í eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd.

Gjöld skv. 1. gr. eru óendurkræf þótt lóðarúthlutun og byggingarleyfi falli úr gildi.

#### 1.2 *Gjöld vegna stöðuleyfa.*

Stöðuleyfisgjöld eru miðuð við hvern fermetra lausafjármunar. Lágmarksviðmunarstærð stöðuleyfisgjalda er miðuð við 15 m<sup>2</sup>. Gjald miðar við útgáfu stöðuleyfis fyrir hvern lausafjármun. Stöðuleyfi eru að hámarki veitt til 12 mánaða í senn.

Stöðuleyfisgjald lausafjármuna	2.024 kr./m <sup>2</sup>
Leigugjald á skipulögðum ómalbikuðum gámasvæðum	1.013 kr./m <sup>2</sup>
Leigugjald á skipulögðum malbikuðum gámasvæðum	2.024 kr./m <sup>2</sup>

#### 2. gr.

##### *Afgreiðslu- og þjónustugjöld.*

#### 2.1 *Leyfisveitingar og úttektir.*

Aðrar leyfisveitingar, úttektir og vottorð (vínveitingaleyfi, húsaleiguúttektir, umsagnir vegna rekstrarleyfa o.fl.)	24.315 kr.
Úttektir vegna byggingarstjóráskipta	24.315 kr.
Úttektir vegna meistaraskipta	24.315 kr.
Stöðuúttektir (undanþegnar leyfisgjaldi í lið 1.1)	24.315 kr.
Lágmarksgjald vegna annarra leyfisveitinga	12.157 kr.

2.2 *Afgreiðslur.*

Afgreiðsla eignaskiptayfirlýsinga	24.315 kr.
Breyting á lóðarleigusamningi að beiðni lóðarhafa	24.315 kr.
Fyrir að útvega teikningar, 1. blað	586 kr.
Fyrir að útvega teikningar fleiri en eina – hvert blað (sama gjald fyrir teikningar á rafrænu formi)	119 kr.
Umsýslugjald vegna lóðarúthlutunar	44.493 kr.
Umsýslugjald vegna stofnunar lóðar	24.315 kr.
Umsýslugjald vegna útsetningar lóðarmarkna að beiðni lóðarhafa	12.157 kr.
Efnistökukeyfi	31.643 kr.
Lágmarksgjald vegna annarra afgreiðslna	12.157 kr.

## 3. gr.

*Meginreglur vegna breytinga á aðal- og/eða deiliskipulagi.*

Gjaldskráin byggir á þeirri meginreglu að aðili sem óskar eftir breytingu á aðal- og/eða deiliskipulagi skuli greiða þann kostnað sem breytingin hefur í för með sér. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdráttu, breytinga á uppdráttum, auglýsinga og kynninga vegna málsins. Eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd getur ákveðið að falla frá gjaldtöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á svæðinu eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið.

Ef kostnaður vegna vinnu skipulags- og byggingarfulltrúa eða aðkeyptrar vinnu er, vegna umfangs, verulega umfram viðmiðunargjald verksins er heimilt að leggja á til viðbótar tímagjald skipulags- og byggingarfulltrúa sem er 12.157 kr./klst. eða gjald skv. reikningi.

*Skilgreiningar:*

*Umsýslu- og auglýsingakostnaður:* kostnaður sveitarfélagsins við afgreiðslu umsóknar, birtingar auglýsinga og annarrar umsýslu.

*Breytingarkostnaður:* kostnaður sem fellur til innan sveitarfélagsins við gerð nýs deiliskipulags eða breytingar á gildandi aðal- eða deiliskipulagsuppdrætti.

3.1 *Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga skv. tilgreindum ákvæðum skipulagslaga nr. 123/2010.*

Breyting á aðalskipulagsuppdrætti, sbr. 36. gr., viðmiðunargjald	140.497 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36. gr.	140.497 kr.
Breyting á aðalskipulagsuppdrætti, sbr. 2. mgr. 36. gr., viðmiðunargjald	81.967 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr.	65.043 kr.

3.2 *Kostnaður vegna deiliskipulags skv. tilgreindum ákvæðum skipulagslaga nr. 123/2010.*

Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr.	aðkeypt vinna skv. reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr.	140.497 kr.
Veruleg breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 1. mgr. 43. gr.	aðkeypt vinna skv. reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna verulegra breytinga, sbr. 1. mgr. 43. gr.	140.497 kr.
Óveruleg breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 2. mgr. 43. gr.	aðkeypt vinna skv. reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna óverulegra breytinga, sbr. 2. mgr. 43. gr.	65.043 kr.

3.3 *Kostnaður vegna grenndarkynningar.*

Grenndarkynning	24.315 kr.
-----------------	------------

3.4 *Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis.*

Framkvæmdaleyfi – framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, viðmiðunargjald	140.497 kr.
Framkvæmdaleyfi – aðrar framkvæmdir	58.530 kr.
Framkvæmdaleyfi – aðrar minni framkvæmdir	24.315 kr.

Nr. 1176

30. nóvember 2018

Eftirlit umfram eina ferð, sem er innifalin í framkvæmdaleyfisgjaldi	12.157 kr.
Lágmarksgjald vegna annars kostnaðar við leyfisveitingar	12.157 kr.

4. gr.

*Einingarverð og gildistaka.*

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari taka breytingum mánaðarlega í samræmi við breytingu byggingarvísitölu í október 2018. Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 51. og 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 ásamt heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast gildi 1. janúar 2019. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1145/2017.

*Fjarðabyggð, 30. nóvember 2018.*

**Karl Óttar Pétursson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 19. desember 2018